



Fundargerð háskólafundar
9. fundur
21. nóvember 2014
í stofu M101, Miðborg, kl 14:15-16:00

Mætt:

Andrea S. Hjálmsdóttir	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Ari Brynjólfsson	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Ágúst Þór Árnason	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Árún Kr. Sigurðardóttir	Forseti heilbrigðisvísindasviðs
Daníel Freyr Jónsson	Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu
Edward H. Huijbens	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Eyjólfur Guðmundsson	Rektor
Gísli Kort Kristófersson	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Grétar Þór Eypórsson	Fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við Háskólann á Akureyri
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir	Forstöðumaður RHA
Gunnar Már Hauksson	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Jenný Gunnþórsdóttir	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Jón Þorvaldur Heiðarsson	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Kristín Ágústsdóttir	Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
Kristín Þórarinsdóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Lísa Zachrison Valdimarsdóttir	Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu
Ólafur Halldórsson	Framkvæmdastjóri
Pia Viinikka	Staðgengill forstöðumanns upplýsingasviðs
Sigfríður Inga Karlsdóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Sigríður Margrét Sigurðardóttir	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Sigrún Magnúsdóttir	Gæðastjóri
Sigrún Stefánsdóttir	Forseti hug- og félagsvísindasviðs
Stefán Jóhannsson	Forstöðumaður nemendaskrár
Steingrímur Jónsson	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Úlfar Hauksson	Forstöðumaður fjármála
Þorlákur Axel Jónsson	Fulltrúi stjórnar FHA
Ögmundur Knútsson	Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs

Fjarverandi:

Berglind Júlíusdóttir	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
-----------------------	---------------------------------



Elín Birna Vigfúsdóttir	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Hreiðar Þór Valtýsson	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Ingvar Teitsson	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Jóhann Örlygsson	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Jórunn Elíadóttir	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Olga Ásrún Stefánsdóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Sigríður Edda Ásgrímsdóttir	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Solveig Hrafnadóttir	Náms- og starfsráðgjafi

Rektor setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Skipaði Sigrúnu Lóu Kristjánsdóttur, verkefnastjóra á Fjármála-, starfsmanna, og rekstrarsviði, fundarritara og fór yfir dagskrárliði.

1. Stefnumótun HA og fagleg málefni innan háskólans.

Rektor benti á að gildandi stefna Háskólans á Akureyri nær til ársins 2017. Þessi misserin er unnið eftir þeirri stefnu og Háskólinn þarf að huga að því hvernig við viljum enda það tímabil sem núverandi stefna nær yfir. Rektor rifjaði upp skilgreiningu sína á háskóla og ítrekaði fókusinn á menntun og rannsóknir. Einnig rifjaði hann upp hlutverk háskólafundar í 8 liðum samkvæmt reglum um háskólafund [nr. 389/2000](#) og benti á mikilvægi þess að fundurinn telst ályktunarbær um hvaðeina er snýr að vísinda- og menntastefnu háskólans.

Stefna Háskólans á Akureyri 2012-2017

Rektor rifjaði upp helstu atriði núverandi stefnu háskólans. Þessari stefnu og framtíðarsýn er fylgt þar til ný stefna tekur við. Rektor velti þeirri spurningu fram hvar við séum stödd miðað við þá sýn sem sett er fram varðandi nám og kennslu, þar á meðal að skólinn ætli að bjóða upp á meistaranám á öllum sviðum og taka upp kennslu til doktorsgráðu. Einnig rifjaði rektor upp þátt stefnunnar um rannsóknir og ítrekaði að nám og rannsóknir eru samtengd. Varðandi rannsóknir þá túlkar rektor stefnuna á þann hátt að rannsóknir séu vaxandi hluti af skólanum og benti á tækifæri í aukningu fjármagns til samkeppnissjóða árið 2015. Varðandi gæðamál þá er gæðavinna stöðugt í gangi og lýkur aldrei. Meðal verkefna Gæðaráðs nú sé að afgreiða þá 40 aðgerðapunkta sem listaðir voru í stofnanamatsskýrslu háskólans. Rektor benti á að sömu aðferðafræði ætti að nota við að meta rannsóknir við háskólann. Að lokum benti rektor á að vinnu við nýja stefnumótun þyrfti að hefja og að henni þurfi að ljúka á árinu 2016.

Framtíðarsýn

Rektor benti á að Háskólinn á Akureyri sé þriðji stærsti háskólinn á Íslandi og lagði fram spurninguna „Hvað ætlum við að verða næst?“. Helstu punktar í framtíðarsýn skólans rifjaði upp. Rektor ítrekaði að Háskólinn á Akureyri stæði sterkum fótum í dag. Nemendum hefur farið fjölgandi og við HA eru 1.704 nemendur haustið 2014. Gæðaúttekt Gæðaráðs



háskólanna hefur staðfest að námið standist kröfur og alþjóðlegan samanburð, nemendur eru ánægðir samkvæmt könnunum, rannsóknastig starfsmanna eru að aukast og fjármálin eru í jafnvægi.

Umræður:

Rektor lagði fram eftirfarandi þætti og óskaði umræðna háskólafundar um framtíðarsýn og stefnu í þessum málaflokkum.

HA árið 2017:

- Fjöldi nemenda?
- Námsbrautir?
- Rannsóknir?
- Sérstaða?

Varðandi fjölda nemenda var bent á mikilvægi þess að styrkja stoðir núverandi námsleiða og að huga að því hvort markmiðið sé að fá sem flesta nemendur eða að auka gæði námsleiða. Umræður sköpuðust um skipulag námsins, fjölda staðarnema og fjarnema, mikilvægi persónulegs námsumhverfis og hvort hugsanlega þurfi að takmarka aðgang að fjölsóttustu námsleiðunum. Einnig var bent á mikilvægi þess að bjóða upp á blandað sveigjanlegt nám aðgengilegt fyrir alla landsmenn og að bæta þurfi þróun tæknibúnaðar í fjarkennslu. Æskilegt er að hafa í huga hver sérstaða skólans er við mótun framtíðarsýnar og markmiðasetningar.

Varðandi þróun námsbrauta var litið á málið frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar fjölgun námsleiða (breidd) og hins vegar stig námsleiða (dýpt), svo sem aukið meistaranám eða doktorsnám. Fram kom að mikilvægt sé að efla meistaranám og bjóða upp á doktorsnám til að hafa betra aðgengi að rannsóknasjóðum. Tækifæri geta skapast í aukinni samvinnu milli sviða og deilda og mikilvægt er að athuga þarfir og óskir samfélagsins við þróun námsframboðs. Sameiginleg sýn er mikilvæg en einnig að hvert svið og deild hafi ákveðið svigrúm til þróunar. Breidd er mikilvæg til að geta boðið upp á fjölbreytt nám sem höfðar ekki bara til fámenns hóps (bent var á kynjahlutfallið í skólanum) og dýpt er mikilvæg til að efla rannsóknir og líkur á styrkjum úr samkeppnissjóðum.

Auk eflingar á námi á meistarastigi og framboð doktorsnáms þá gæti aukinn styrkur rannsókna við háskólann legið í fjölgun þverfaglegra rannsókna á ýmsum sviðum er tengjast námsleiðum skólans. Varðandi sérstöðu skólans þá var bent á þverfaglegt nám, persónulegt námsumhverfi, sveigjanlegt nám og áherslu á norðurlóðir og strjalar byggðir.

Háskólafundur var sammála um eftirfarandi áherslur:

Fjöldi nemenda:

- Árið 2017 verði ca. 2.000 nemendur við skólann þar sem fjölgun á sér stað í gegnum sterkar stoðir grunnnáms (nemendafjöldi á brautum) og dýpkun á brautum.

Námsbrautir:

- Dýpka og svo breikka



Rannsóknir:

- Fylgja núverandi stefnumótun með aukinni áherslu á þverfaglegar rannsóknir.

Sérstaða:

- Þverfaglegt og sveigjanlegt nám í persónulegu umhverfi.
- Þverfaglegar rannsóknir (strjálur byggðir).

Álit rektors sem hann var beðin um í kjölfar umræðna:

- Rektor var spurður um álit á aðkomu HA að Norðurslóðamálum. Rektor telur gríðarleg tækifæri í Norðurslóðamálum, en að við sem stofnun þurfum að skilgreina betur hvernig við komum að því.
- Um mikilvægi þverfaglegra hópa telur rektor þá mjög mikilvæga.
- Varðandi fjarnám og tæknileg atriði þá tilgreindi rektor að komin er skýrsla frá Auðbjörgu Björnsdóttur kennsluráðgjafa til yfirstjórnar og málið verður tekið fyrir á næstu vikum.
- Varðandi nýtt námsframboð, svo sem Ípróttafraeði, þá tekur rektor fram að það sé dæmi um námsframboð sem deildin getur forgangsraðað, við getum unnið með HÍ, eða sótt fram á eigin forsendum. Varðandi ákvarðanatöku um slík mál þá tekur framkvæmdastjórn og Háskólaráð ákvörðun um nýtt námsframboð og Gæðaráð kemur að útfærslu.

2. Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins í Háskólaráð HA 2015-2017

Kosning fulltrúa í háskólaráð.

Eftirtaldir buðu sig fram:

Hermína Gunnþórsdóttir lektor,
Guðmundur Kr. Óskarsson dósent,
Hjörleifur Einarsson prófessor,
Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður.

Hermína, Guðmundur og Óskar Þór komu stuttlega inn á fundinn og kynntu sig og viku af fundi er því var lokið. Ögmundur Knútsson kynnti stuttlega Hjörleif Einarsson er var fjarverandi.

Rektor tilgreindi að tveir efstu í kjöri yrðu aðalfulltrúar og hinir tveir varafulltrúar. Þá var gengið til kosninga og voru rituð tvö nöfn frambjóðenda á hvern atkvæðaseðil. Fulltrúar félags stúdentna, Ari Brynjólfsson og Gunnar Már Hauksson voru tilnefndir teljarar. Tuttugu og tveir aðilar greiddu atkvæði á fundinum. Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, ritari fundarins, skráði niðurstöður kosninganna.

Atkvæði féllu þannig:

Hermína Gunnþórsdóttir	18 atkvæði
Óskar Þór Vilhjálmsson	12 atkvæði



Hjörleifur Einarsson	8 atkvæði
Guðmundur Kr. Óskarsson	4 atkvæði
Ógild atkvæði	2 atkvæði

Hermína Gunnþórsdóttir og Óskar Þór Vilhjálmsson teljast því rétt kjörin sem aðalfulltrúar háskólasamfélagsins í Háskólaráði HA 2015-2017 og Hjörleifur Einarsson og Guðmundur Kr. Óskarsson varafulltrúar.

3. Önnur mál

Engin önnur mál boðuð eða tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:05

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir
fundarritari